

Bjartsýni - Mikil útgjöld – Háir skattar

- Fjármálaáætlun 2019-2023

Umsögn Samtaka atvinnulífsins, 4. maí 2018

 @atvinnulifid

 @atvinnulifid



Umsögn SA (1/2)

- **Áætlun byggð áfram á bjartsýni.** Í nýrri fjármálaáætlun stjórnvalda, þeirri þriðju á jafnmörgum árum, er gert ráð fyrir samfelldum hagvexti fram til ársins 2023. Í áætluninni er því enn og aftur treyst á óvenju langt hagvaxtarskeið. Til samanburðar þá hafa hagvaxtarskeið á Íslandi almennt enst í þrjú til fimm ár.
- **Hvað ef hin hefðbundna niðursveifla raungerist á tímabilinu?** Fjármálaáætlunin er nú lögð fram í kjölfar mikils efnahagsleg uppgangs, tekjustofnar hafa vaxið hratt og tekjur hins opinbera aldrei verið meiri. Fyrirhugaður rekstrarafgangur á næstu árum er aftur á móti ekki mikill, að jafnaði rétt ríflega 1% af landsframleiðslu. Til samanburðar var afgangur á rekstri hins opinbera fimmfalt meiri á árunum 2004-2007. Ef hin hefðbundna íslenska niðursveifla raungerist á tímabilinu þá mun afgangur af rekstri hins opinbera fljótt hverfa.
- **Hagvaxtarforsendur breytast skjótt.** Óvissa ríkir í innlendum efnahagsmálum um þessar mundir og má greina vísbendingar þess efnis að það hægi hratt á vexti hagkerfisins. Spáskekkjur eru líklegri til að vera enn meiri á slíkum tímum. Verði hagvöxtur minni en áætlanir gera ráð fyrir gæti afkoma hins opinbera hæglega breyst í halla. Lítið má því út af bregða. Samtök atvinnulífsins taka undir þá skoðun fjármálaráðs að sviðmyndagreining opinbers rekstrar, m.v mismunandi hagvaxtarforsendur fyrir komandi ár, væri æskileg og myndi auka trúverðugleika fjármálastefnunnar. Þá skortir mat á aðhaldsstigi fjármálastefnunnar sem er gagnrýniverð.
- **Nýtum góða tíma til framþróunar.** Það hægir hratt á vexti hagkerfisins og það er nokkuð ljóst að stjórnvöld geta ekki lengur treyst á mikinn tekjuvöxt til að fjármagna aukin útgjöld. Tekjur hins opinbera eru þó enn í hæstu hæðum eftir uppgang síðustu ára og hvetja Samtök atvinnulífsins stjórnvöld til að nýta þá góðu stöðu til endurskipulagningar og hagræðingar. Þarfaverk er að hagræða og forgangsraða í opinberum rekstri svo svigrúm skapist til að minnka álögur á fólk og fyrirtæki. Horfa þarf með opnum hug til þeirra tækifæri sem liggja í ólíkum rekstrarformum t.a.m. á sviði heilbrigðis- og menntamála. Stjórnvöld þurfa að sama skapi að móta skattastefnu sem eykur samkeppnishæfni þjóðarbúsins.
- **Áfram skal lögð áhersla á niðurgreiðslu skulda.** Það er jákvætt að stjórnvöld ætli sér áfram að greiða niður skuldir og stefnt er að því að skuldir verði komnar undir skuldamarkmið á árinu 2020. Hvergi skal hvika frá þeim áformum.

Umsögn SA (2/3)

- **Útgjöld er óvíða meiri en á Íslandi.** Hið opinbera umsvifameira á Íslandi en í langflestum ríkjum OECD og nema heildarútgjöld þess meira en 40% af landsframleiðslu. Þrátt fyrir að vaxtakostnaður hafi minnkað á undanförunum árum samhliða skuldalækkun þá hafa heildarútgjöld ekki dregist saman. Þvert á móti hafa önnur opinber útgjöld aukist meira en sem nemur vaxtasparnaðinum og eru regluleg útgjöld hins opinbera á hvern Íslending nú hærri en þau hafa nokkru sinni verið. Forgangsröðun hefur verið til til heilbrigðis- og menntamála og mun svo vera áfram gangi áætlanir eftir. Er áhyggjuefni hversu umsvifamikið hið opinbera er orðið í íslensku hagkerfi og ber fjármálaáætlunin þess ekki merki að vilji stjórnvalda standi til þess að breyta því.
- **Aukin útgjöld ekki ávísun á betri þjónustu.** Að mati Samtaka atvinnulífsins er of lítil áhersla á aðhald í opinberum fjármálum. Krafan um aukin útgjöld til hinna ýmsu málaflokka er sterk en það á að vera hlutverk stjórnámálanna að vera ábyrgir gæslumenn almannaþjóf. Telji þeir ákveðna málaflokka undirfjármagnaðaða má vel finna þá fjármuni innan annarra málaflokka sem neðar eru í forgangsröðun. Ætti það að vera hægt leikur í ljósi þess hversu mikil opinber útgjöld eru orðin. Ekki síður þarf að fylgja því eftir að fjármunir séu vel nýttir og skili á sem hagkvæmasta hátt þjónustu til almennings. Ber fjármálaáætlunin keim af þeim útbreidda misskilningi að útgjöld jafngildi árangri og væri óskandi að aukin áhersla væri lögð á skilvirkni og forgangsröðun.
- **Horfum til ólíkra rekstrarforma.** Vel hefur gefist að útvista ýmiss konar opinberri þjónustu og mætti gera það í stórauknum mæli. Mestu máli skiptir að sú þjónusta sem almenningur nýtur sé sem best og ætti ekki að skipta máli hver að lokum veitir hana. Aukin útvistun verkefna hins opinbera væri til þess fallin að auka rekstrarhagræði og skila betri þjónustu til almennings með minni tilkostnaði. eru Íslendingar miklir eftirbátar annarra Norðurlanda t.d. þegar kemur að einkarekstri í heilbrigðisþjónustu.

Umsögn SA (3/3)

- **Á að festa Ísland í sessi sem háskattaríki?** Sú skattastefna sem birtist í fjármálaáætluninni er áhyggjuefni. Þó boðaðar skattalækkanir séu fagnaðarefni þá er of skammt gengið. Skattheimta er nær hvergi meiri meðal þróaðra ríkja en á Íslandi og stefnir í að vera það áfram. Enn standa að mestu óhreyfðar skattahækkanir eftirhrunsáranna og samhliða auknum umsvifum hefur skattheimta aukist umtalsvert. Hefur skattheimta á hvern Íslending vaxið um 780.000 kr. frá árinu 2009 og hafa álögur á fyrirtæki og fjármagn aukist umtalsvert á sama tíma. Skaðar slík stefna samkeppnishæfni landsins og vekur ugg hversu litla athygli það hlýtur að Ísland sé að festa sig í sessi sem háskattaríki.
- **Að lokum, til umhugsunar.** Ef forsendur bresta og núverandi hagvaxtarskeið tekur enda fyrr en áætlanir gera ráð fyrir þá eru þrjár mögulegar leiðir í stöðunni:


Leið 1: Skattahækkanir. Háir skattar draga úr samkeppnishæfni þjóðarbúsins. Í ljósi þess að skattbyrði á Íslandi er nú þegar langt fyrir ofan meðaltal OECD ríkja er lítið svigrúm til að hækka skatta enn frekar. Skattahækkanir er því óraunhæf leið í næstu niðursveiflu.

Leið 2: Niðurskurður. Niðurskurður er jafnframt fremur ólík leið þegar enn eru uppi kröfur um aukin útgjöld til mikilvægra málaflokka. Finna þarf leiðir til að færa fjármuni milli málaflokka og nýta þann útgjaldaramma sem stjórnvöld hafa þegar úr að spila.

Leið 3: Aukin skilvirkni. Það gefur augaleið að sóknarfærin liggja í aukinni skilvirkni og bættri forgangsröðun. Opinber umsvif eru mikil í samanburði við önnur OECD ríki. Tryggja þarf að á hverjum tíma séu fjármunir skattgreiðenda nýttir á sem hagkvæmastan máta.

Fjármálaáætlun 2019-2023: Bjartsýni – Mikil útgjöld – Háir skattar

Toppi hagsveiflunnar er náð
- % raunbreyting á landsframleiðslu




- 1 Áætlun byggð á bjartsýni.** Toppi núverandi uppsveiflu er náð. Þrátt fyrir vísbendingar um kólnun í hagkerfinu er gert ráð fyrir óslitnum hagvexti til 2023 og of litlum afgangi. Taki hin hefðbundna íslenska niðursveifla við þá verður erfitt að uppfylla núverandi áætlun.
- 2 Niðurgreiðsla skulda mikilvæg áfram.** Þrátt fyrir að niðurgreiðsla skulda hafi gengið vel þá er mikilvægt að stjórnvöld slái ekki slöku við. Gangi áform stjórnvalda eftir munu skuldir í árslok 2023 vera hærri en þær voru við lok síðasta þensluskeiðs.
- 3 Aukin útgjöld eru ekki ávísun á betri þjónustu.** Þrátt að opinber útgjöld á mann hafi aldrei verið meiri þá eru enn háværar kröfur um aukin útgjöld til ýmissa málaflokka. Skortur er á yfirsýn og eftirfylgni þeirra fjármuna sem stjórnvöld hafa nú þegar úr að spila.
- 4 Ísland áfram háskattaríki 2023?** Þrátt fyrir boðaðar skattalækkningar eru skattar enn of háir. Ekki hefur tekist á einu lengsta uppsveiflutímabili Íslandssögunnar að draga til baka skattahækkningar eftirhrunsáranna.

1

Áætlun byggð á bjartsýni? Hagvaxtarspár í dag eru keimlíkar og byggðar á þeirri forsendu að hér verði óslitinn hagvöxtur í 13 ár. Yrði það einsdæmi í íslenskri hagsögu.

Hagvöxtur frá 1946

- % raunbreyting á landsframléiðslu



Óslitinn hagvaxtarskeið¹

1946-1948	3 ár
1953-1956	4 ár
1958-1960	3 ár
1962-1966	5 ár
1969-1974	6 ár
1976-1982	7 ár
1984-1987	4 ár
1990	1 ár
1993-1994	2 ár
1996-2001	6 ár
2003-2008	6 ár
2011-2023	13 ár?


¹Miðað við hagvöxt >1%
Heimild: Hagstofa Íslands

1

Áætlun byggð á bjartsýni? Jákvæð afkoma þó litlu megi muna. Afkoma á núverandi hagvaxtarskeiði er mun minni en á því síðasta. Treyst er á óvenjulangt hagvaxtarskeið og má lítið út af bregða.

Afkoma hins opinbera¹

- % af landsframleiðslu




¹ Að frátöldum stöðugleikaframlögum og færslu ríkissjóðs til LSR árið 2016.

7 Heimildir: Hagstofa Íslands og fjármálaáætlun hins opinbera.


1

Áætlun byggð á bjartsýni? Uppsveiflur taka enda, það hafa þær alltaf gert. Ef hin hefðbundna íslenska niðursveifla raungerist á tímabilinu þá mun afgangur af rekstri hins opinbera fljótlega hverfa.

Afkoma hins opinbera m.v. hagvöxt 1990-1995
- hlutfall af VLF



Afkoma hins opinbera m.v. hefðbundna íslenska niðursveiflu¹
hlutfall af VLF



■ Áætlun afkoma sv. fjármálaáætlun ■ Afkoma m.v. niðursveifluna 1990-1995

■ Áætlun afkoma sv. fjármálaáætlun ■ Afkoma m.v. hefðbundna íslenska niðursveiflu

¹ M.v. meðallengd tímabila með neikvæðan árlegan hagvöxt (3 ár) og meðal samdrátt landsframleiðslu fyrstu þrjú árin. Síðustu þrjú árin er gert ráð fyrir 2% hagvexti.


Heimildir: Fjármálaáætlun hins opinbera, útreikningar efnahagssviðs

1 Áætlun byggð á bjartsýni? Fjármálastefnan skilar ekki aðhaldi á uppgangstímum. Fjórða árið í röð munu fjármál hins opinbera auka þenslu í hagkerfinu þrátt fyrir að afkomureglan sé uppfyllt. Mikilvægt er að horfa til hagsveifluleiðréttrar afkomu ef meta á þensluáhrif.

Aðhaldsstig ríkisfjármála: Breyting á hagsveifluleiðréttri afkomu hins opinbera (% af VLF)

Miðað við leiðréttan frumjöfnuð ríkissjóðs¹

AUKIÐ AÐHALD
MINNKAÐ AÐHALD




2

Niðurgreiðsla skulda áfram mikilvæg. Þrátt fyrir áform um niðurgreiðslu skulda þá verður hið opinbera skuldsettara í lok tímabilsins en á síðasta þensluskeiði. Áfram þarf að leggja áherslu á niðurgreiðslu skulda.

Skuldir hins opinbera samkvæmt skuldaregluviðmiði


% af landsframleiðslu, heildarskuldir að frátöldum lífeyrisskuldbindingum, viðskiptaskuldum, sjóðum og bankainnistæðum




3

Aukin útgjöld eru ekki ávísun á betri þjónustu. Hið opinbera verður áfram umsvifamikilið á Íslandi. Vonbrigði hversu lítil áhersla er lögð á að draga úr opinberum umsvifum en þau eru óvíða meiri en á Íslandi.

Heildarútgjöld hins opinbera
- % af landsframleiðslu




Af hverri **41 krónu** af hverjum **100 krónum** sem verða til í verðmætasköpun á Íslandi er ráðstafað af hinu opinbera....



....**opinber umsvif eru þau áttundu mestu** hér landi innan OECD og **langt fyrir ofan meðaltal.**

Samanburður við önnur ríki OECD

- Heildarútgjöld² hins opinbera sem % af landsframleiðslu



¹ Að frátöldum stöðugleikaframlögum og færslu ríkissjóðs til LSR árið 2016.
11 Heimildir: Hagstofa Íslands, OECD og fjármálaáætlun hins opinbera.

²Leiðrétt fyrir ellilífeyri og atvinnuleysisbótum




3

Aukin útgjöld eru ekki ávísun á betri þjónustu. Gangi áætlanir eftir munu regluleg útgjöld hins opinbera hafa aukist um 563 þúsund krónur á hvern Íslending árið 2023 frá árinu 2013.

Frumútgjöld hins opinbera á mann, leiðrétt fyrir óreglulegum liðum

- m.kr. á verðlagi ársins 2018



Í fjármálaáætlun er gert ráð fyrir að *regluleg útgjöld* hins opinbera aukist um **360 milljarða króna** frá 2013 til ársins 2023...

... sem jafngildir **563 þúsund krónur á hvern Íslending** yfir tíu ára tímabil.

Regluleg útgjöld munu aukast um...



563.000 kr.

...á hvern Íslending á tíu árum

¹Leiðrétt fyrir 192,2 milljarða króna yfirtöku ríkissjóðs 2008 á töpuðum kröfum vegna veðlána Seðlabankans og færslu ríkissjóðs til A-hluta LSR upp á 105,1 milljarð krónar árið 2016


3

Aukin útgjöld eru ekki ávísun á betri þjónustu. Forgangsraðað hefur verið til heilbrigðis- og menntamála undanfarin ár. Mikilvægt er hins vegar að skoða hverju það hefur skilað?

Útgjöld ríkisins eftir málaflokkum

Milljónir króna árið 2012 (á verðlagi ársins 2016) og uppsafnaður útgjaldavöxtur

Uppsafnaður vöxtur
2012-2016



¹ Heilbrigðismál telja sjúkrahúspjónustu, heilbrigðisþjónustu utan sjúkrahúsa, hjúkrunar- og endurhæfingarpjónustu auk lyfja- og lækningarvara

² Menntamál telja framhaldsskólastig, háskólastig auk annarra skólastiga og stjórnsýslu- og menntamála
Heimild: Hagstofa Íslands.


*Að frádreginni færslu ríkissjóðs árið 2016 til A-hluta LSR upp á 105,1 milljarða króna sem er óreglulegur liður

3

Aukin útgjöld er ekki ávísun á betri þjónustu. Forgangsraðað verður áfram til heilbrigðismála. Mikill vöxtur er einnig til annarra málaflokka. Mikilvægt er að fylgja fjármagni betur eftir.

Útgjöld ríkisins eftir málaflokkum samkvæmt fjármálaáætlun
- Vísitala = 100 árið 2017, útgjaldavöxtur á föstu verðlagi¹²

Uppsafnaður vöxtur
2017-2023



¹ Heilbrigðismál telja sjúkrahúspjónustu, heilbrigðisþjónustu utan sjúkrahúsa, hjúkrunar- og endurhæfingarpjónustu auk lyfja- og lækningarvara

² Menntamál telja framhaldsskólastig, háskólastig auk annarra skólastiga og stjórnsýslu- og menntamála

Heimild: Fjármálaráðuneytið.




3

Aukin útgjöld eru ekki ávísun á betri þjónustu. Lærum af reynslu annarra þjóða sem hafa lagt aukna áherslu á skilvirkari þjónustu.


1. Heilsugæslan líður fyrir litla nýliðun og skort á læknum



Lítill nýliðun heimilislækna
Hár meðalaldur heimilislækna
Skortur á heimilislæknum
Löng bið eftir tíma hjá lækni
20% íbúa án heimilislæknis




Eru orsök og afleiðing þess að Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins mælist í 134. sæti í könnunni stofnun ársins.




Sem leiðir til þess að skilvirkni heilsugæslustöðvanna er **lítill** sem skilar sér í **verri** þjónustu við sjúklinga.


2. Biðlistar lengjast á ýmsum sviðum



Biðlistar lengjast hraðar en hjúkrunarrýmum fjölgar...



... spítalar geta ekki útskrifað sjúklinga...



...sem hefur reynst heilbrigðiskerfinu gífurlega kostnaðarsamt

3. Aðbúnaður á Landspítala er ekki til fyrirmyndar

Mikill uppsafnaður vandi á Landspítala

Tækjabúnaður Landspítalans úreltur
Élín milljarð kostar að endurnýja nauðsynlegasta tækjakost Landspítalans. Tvö geislatæki hafa bílað tíu sinnum á þremur árum.

Sérfræðingur á Landspítala lýsir afar bágbornum tækjabúnaði
Enn mikill vandi á Landspítala

Kári Stefánsson setur af stað undirskriftasöfnun fyrir endurreisn heilbrigðiskerfisins
ÖMURLEGUR AÐBÚNAÐUR ALDRADRA

Fjárskorturinn í heilbrigðiskerfinu bitnar mest á þeim sem síst skyldi
Heilbrigðiskerfið að molna niður
Myglusveppur á Landspítalanum




3

Aukin útgjöld er ekki ávísun á betri þjónustu. Mikil tækifæri liggja í auknum einkarekstri opinberrar þjónustu. Íslendingar eru miklir eftirbátar nágrannabjóða í þeim efnum.

Hlutfall einkarekinnar heilsugæslu á Norðurlöndunum

- %



Kostnaðurinn allt að 90% hærri

Sjúklingar sem ekki fengu greiðslubátttöku Sjúkratrygginga hér á landi fyrir líðskiptaáðgerð nýttu sér EES reglur til að fara til Svíþjóðar.

Einkarekstur hefur reynt vel

Formaður Samtaka heilbrigðisfyrirtækja segir einkarekna sérfræðiþjónustu hafa reynt árangursríka, þrátt fyrir neikvæða umræðu.

Til umhugsunar

1. Það getur reynt **kostnaðarsamara** að reyna að leysa öll verkefni innan miðstýrðs kerfis.
2. Samtök atvinnulífsins hvetja stjórnvöld til að líta með **opnum hug til einkareksturs** jafnvel innan þeirra málaflokka sem standa okkur næst.
3. Eina **markmiðið ætti að vera sem best þjónusta með minnstum tilkostnaði**. Líkt og í öðrum geirum nýtist einkaframtakið vel til hagræðingar og framþróunar.

¹ Hlutfall sjálfstætt starfandi heimilislækna með samninga við hið opinbera

² Hlutfall fjölda einkarekinna heilsugæsla af heildarfjölda


³ Hlutfall félags- og heilbrigðisþjónustu veitt af einkaðilum

4

Ísland áfram háskattaríki árið 2023? Boðaðar skattalækkningar eru fagnaðarefni. Nánast hvergi er skattheimta þó meiri innan OECD en á Íslandi.

Heildarskatttekjur hins opinbera árið 2016, sem hlutfall af VLF

Leiðrétt fyrir greiðslum almannatrygginga¹



Boðaðar skattalækkningar

Tekjuskattslækkun á neðsta þrep



Lækkun tryggingagjalds



Lækkun bankaskatts



Fjármagnstekjuskattur skattlagður að raunvirði



Boðaðar skattahækkningar

Kolefnisgjald hækkar



Ný gjaldtaka á ferðapjónustu



* Í Danmörku fer greiðsla almannatrygginga beint í gegnum skattkerfið og henni er því sleppt í þessum samanburði þar sem það er ekki samanburðarhæft.

* Nýjustu gögn fyrir Ástralíu eru frá 2015.


Heimild: OECD.

4

Ísland áfram háskattaríki árið 2023? Mikil útgjöld eru fjármögnuð með mikilli skattheimtu. Frá árinu 2009 hafa skatttekjur á mann vaxið um 41%, sem jafngildir 780 þús.kr. á hvern Íslending. Skattheimta mun aukast frekar gangi áform stjórnvalda eftir.

Heildarskatttekjur hins opinbera á mann¹

- Milljónir króna, á föstu verðlagi m.v. árið 2018




¹ Stöðugleikaframlög frá slitabúum föllnu bankanna eru ekki meðtalin.

4

Ísland áfram háskattaríki árið 2023? Eftir standa flestar skattahækkunar eftirhrunsáranna. Þrátt fyrir boðaðar skattalækkunar stefnir í að skattprósentur verði flestar hærrí á árinu 2023 en þær voru árið 2008.

Leiðin að hallalausum rekstri 2009-2014¹

Breyting á tímabilinu á frumgjöldum og –tekjum ríkissjóðs



Dæmi um skattahækkunar	2008	Í dag	Fjármálaáætlun
Fjármagnstekjuskattur	10%	22%	Endurskoðun skattstofns
Tekjuskattur fyrirtækja	15%	20%	óbreytt
Tekjuskattur einstaklinga	22,75%	22,5%/31,8%	21,5%/óbreytt
Tryggingagjald	5,34%	6,85%	6,60%
Bankaskattur	-	0,376%	0,145%
Fjársýsluskattur á heildarlaun fjármálafyrirtækja	-	5,5%	óbreytt
Kolefnisgjald	-	9,45 kr./8,25kr.	11,34 kr./9,9 kr.
Gistináttagjald	-	300 kr.	óbreytt
Veiðigjald á þorsk (kr/kg) ²	4,01	22,98	óbreytt
Veginn fasteignaskattur á íbúðarhúsnæði	0,25%	0,29% ³	óbreytt
Veginn fasteignaskattur á atvinnuhúsnæði	1,59%	1,64% ³	óbreytt

¹ Breytingin er mismunur á ríkisreikningi m.v. 2009 á föstu verðlagi. Í samanburðinu eru teknir til hliðar einstakir liðir sem stjórnvöld hafa ekki stjórn á við fjárlagagerð og teljast ekki til reglulegra tekna eða gjalda, eins og framlög í atvinnuleysistryggingasjóð, afskriftir skatttekna, innborgun á lífeyrisskuldbindingar, framlag til ÍLS og áfallnar ríkisábyrgðir.

² M.v. fiskveiðiár 2009/2010 og 2017/2018


³ 2017

4

Ísland áfram háskattaríki árið 2023? Hið opinbera dregur árlega um 300.000 krónur meira til sín í formi skattatekna af meðaltekjum í dag samanborið við meðalskattheimtu fyrir hrun.

Skattlagning á meðaltekjur á Íslandi 2000-2018

- % af heildarlaunum einstaklings¹, staðgreiðsla tekjuskatts og tryggingagjald



Hið opinbera dregur ...



300.000 kr.

...meira til sín af meðaltekjum í skatta


¹ Einstaklingurinn greiðir 4% í lífeyrissjóð.

4

Ísland háskattaríki 2023? Tryggingagjaldið hefur lítið breyst á sama tíma og atvinnuleysi hefur hríðfallið. Tryggingagjald leggst á launagreiðslur og dregur því úr svigrúmi til launahækkana.


Tryggingagjald (2008-2017)

- Tryggingagjald sem hlutfall af heildarlaunum launamanna



Atvinnuleysi (2008-2017)

- Atvinnuleysi sem hlutfall af mannafla



* Meðaltal það sem af er árinu 2017 (jan-nóv)


Heimild: Ríkisskattstjóri, vinnumálastofnun.

4

Ísland háskattaríki 2023? Fjármagnstekjur eru nú þegar skattlagðar meira en launagreiðslur. Mikilvægt er að skattstofninn verði endurskoðaður í samræmi við fyrirheit stjórnvalda.

Skattlagning á tekjur af fyrirtækjarekstri frá hagnaði til arðgreiðsla¹

- % af hagnaði fyrirtækja útgreiddum til eigenda í formi arðs



Eiginleg skattheimta á fjármagn er tvískipt. Annars vegar er greiddur 20% skattur á hagnað fyrirtækja og þegar hagnaðurinn er greiddur út úr fyrirtækinu sem arður til eigenda eru greidd önnur 20%. **Eiginleg skattheimta er því 37,6% í dag.**

Hagnaður	100
20% tekjuskattur fyrirtækja	20
Arður	80
22% fjármagnstekjuskattur	17,6
Heildarskattur	37,6

Til samanburðar er eiginlegur skattur meðal heildarlaun á Íslandi 35,14%.

Mikil skattlagning á fjármagn

- Hækkar fjármagnskostnað fyrirtækja og ávöxtunarkröfu.
- Kemur sérstaklega niður á minni fyrirtækjum sem ekki geta sótt á alþjóðlega fjármagnsmarkaði.
- Dregur úr sparnaði og fjárfestingu í hagkerfinu.

¹ Fyrirtækið greiðir tekjuskatt af hagnaði og fjármagnstekjuskatt.

Stjórnvöld boða endurskoðun á skattkerfinu. Einfaldara, skilvirkara og sanngjarnara skattkerfi ætti að vera markmið allra.



13. apríl 2018 / Fjármála- og efnahagsráðuneytið

Ýmsir þættir skattkerfisins til endurskoðunar á næstu árum



Mynd/Hari

Næstu árin verða ýmsir þættir íslenska skattkerfisins til endurskoðunar, til hagsbóta fyrir einstaklinga og fyrirtæki, eins og sjá má í [nýframkominni fjármálaáætlun ríkisstjórnarinnar](#) fyrir tímabilið 2019-2023. Þar verður m.a. horft til þess að gera Ísland samkeppnishæfara í alþjóðlegum samanburði, auk þess að gera skattheimtu einfaldari, skilvirkari og sanngjarnari.



Að lokum. Ef forsendur bresta og núverandi hagvaxtarskeið tekur enda fyrr en áætlanir gera ráð fyrir þá eru þrjár leiðir mögulegar.

1. Skattahækkanir



Háir skattar draga úr samkeppnishæfni þjóðarbúsins. Í ljósi þess að skattbyrði á Íslandi er nú þegar langt fyrir ofan meðaltal OECD ríkja er lítið svigrúm til að hækka skatta enn frekar. **Skattahækkanir eru því óraunhæf leið.**

2. Niðurskurður



Niðurskurður er frekar ólíkleg leið þegar enn eru uppi kröfur um aukin útgjöld til mikilvægra málaflokka. Finna þarf leiðir til að færa fjármuni milli málaflokka og nýta þann útgjaldaramma sem stjórnvöld hafa þegar úr að spila.

3. Aukin skilvirkni



Það gefur augaleið að sóknarfærin liggja í aukinni skilvirkni og bættri forgangsroðun. Opinber umsvif eru mikil í samanburði við önnur OECD ríki. Tryggja þarf að á hverjum tíma séu fjármunir skattgreiðenda nýttir á sem hagkvæmastan máta.

Efnahagssvið SA



Ásdís Kristjánsdóttir
Forstöðumaður
asdis@sa.is
sími: 591-0080



Óttar Snædal
Hagfræðingur
ottar@sa.is
sími: 591-0082



Tryggvi Mátsson
Viðskiptafræðingur
tryggvi@sa.is
sími: 591-0083



@atvinnulifid



@atvinnulifid



LATINDUR

LABÆR

SÖBULHÖLAR
ÖXTARÁ

MÚAFELL

LEDAAS



ÖRÞRATHIMI
GIGNI D

RNARKLETTUR

NÓN

M

A

0

1

2

3

4

5

6

7

8

9

10

11

12

13

14

15

16

17

18

19

20

21

22

23

24

25

26

27

28

29

30

31

32

33

34

35

36

37

38

39

40

41

42

43

44

45

46

47

48

49

50

51

52

53

54

55

56

57

58

59

60

61

62

63

64

65

66

67

68

69

70

71

72

73

74

75

76

77

78

79

80

81

82

83

84

85

86

87

88

89

90

91

92

93

94

95

96

97

98

99

100